



Ársfundur 26. júní 2018 Skýrsla stjórnar flutt af Eiríki Birni Björgvinssyni

Góðir fundarmenn

Rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar var á árinu 2017 líkt og á undanförunum árum í föstum og traustum skorðum. Sjóðurinn hefur um árabíl rekið nokkuð varfærna fjárfestingarstefnu þar sem stærsti hluti fjárfestinga sjóðsins er myndaður af ríkistryggðum verðbréfum.

Eignir sjóðsins eru eins og fyrra ár metnar á gangvirði og eiga að gefa nokkuð glögga mynd af eignastöðu í árslok.

Alls greiddu 90 sjóðfélagar hjá 7 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins árinu og fækkaði greiðandi sjóðfélögum um 10 frá fyrra ári. Iðgjöld námu samtals 96 milljón króna og lækkuðu um 87% frá fyrra ári. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum voru 87.

Þann 26. október 2017 var undirritaður samningur milli ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga í Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar vegna Öldrunarheimila Akureyrarbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að ríkissjóður greiddi upp 97% og Akureyrarkaupstaður 3% af áföllnum lífeyrisskuldbindingum Öldrunarheimila í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar m.v. 31. maí 2017. Framangreindar greiðslur, sem færðar eru sem sérstök aukaframlög í reikningum sjóðsins námu samtals 1.351 milljón og voru greiddar til sjóðsins í desember. Samtals námu viðbótarframlög launagreiðenda, sem eru færð sem sérstök aukaframlög, 1.633 milljónum króna samanborið við 282 milljónir á fyrra ári. Skv. framangreindum samningi greiðir ríkissjóður einnig iðgjald umfram lögbundið iðgjald til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna starfsmanna sinna sem eiga aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu um 751 milljónum króna og hækkuðu um 10,1% frá fyrra ári og var fjöldi lífeyrisþega að meðaltali 553 á árinu 2017.

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu var 5,2% og hrein raunávöxtun 3,4% samanborið við 4,4% nafnávöxtun og 2,3% raunávöxtun á árinu 2016. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 11.980 milljónum króna og hækkaði um 14,8% frá fyrra ári.

Meðalraunávöxtun s.l. 5 ára er 5,3% og 3,8% ef horft er til síðustu 10 ára sem teljast má viðunandi.

Þrátt fyrir sérstakt aukaframlag ríkissjóðs og Akureyrarkaupstaðar á árinu sem nemur 1.351 m.kr. á árinu nam tryggingafræðileg afkoma sjóðsins aðeins 316 m.kr. þar sem skuldbindingar sjóðsins hækkuðu um tæplega 900 m.kr. á árinu. Hækkunina má rekja til hækkunar launavísitölu á árinu umfram ávöxtun eigna sjóðsins. Áhrif þess magnast upp þar sem verulegur tryggingafræðilegur halli er á sjóðnum.

Góðir fundarmenn

Eins og fram hefur komið þá hefur rekstur sjóðsins verið í föstum skorðum á liðnum árum og gerir stjórn sjóðsins ráð fyrir að rekstur verði með svipuðu sniði á þessu ári

Samstarf sjóðsins við Stapa lífeyrissjóð hefur gengið vel. Ég vil nota tækifærið til að þakka starfsfólki Stapa svo og stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á árinu.

Sömu þakkir eru færðar lífeyrisþegum og sjóðfélögum.